

AFSTÖÐUMYND 1:500

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi er uppfærð brunahönnun frá Brunahönnun slf fyrir Dalshraun 5, sem byggir að hluta til á áður gerðri brunahönnun frá VSI. Ekki fylgir önnur brunahönnunarskýrsla. Til viðmiðunar lausnum er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 auk skilgreindra tækniskipta.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.

Í byggingunni er starfandi bíla-og dekkjaverkstæði ásamt dekkjalager.

Notkunarskilmálar

Hámarksmagn dekkja í dekkjalager er 3700 fólksbíladekk í stálrekkum skv. aðalteikningu upp í 5 metra hæð. Dekkjum er staflað lóðrétt í rekka, samtals 7 dekk á hæðina.

Brunaálag

Brunaálag hefur verið metið í dekkjalager miðað við 3700 dekk af meðalþyngd 8 kg. Dekkjalager er um 176 m2 og brunaálag reiknast um 6800 MJ/m2. Heildarbrunaálagið samsvarar brunaálagi í meðal verslun sem er 1500 m2 að stærð. Reiknað er með allt að 170 MW brunaafli í allt að 2 klst sem telst mjög varfærið og taka slökkvivatnsútreikningar mið af því.

Brunahólfun

Hraðþjónusta ásamt dekkjaverkstæði er eitt meginbrunahólf alls u.þ.b. 840 m2.

Verkstæði og tengd rými er eitt meginbrunahólf alls u.þ.b. 210 m2.

Dekkjalager er eitt meginbrunahólf, um 176 m2.

Afgreiðsla er eitt brunahólf.

Tæknirými er eitt brunahólf.

Burðarvirki

Aðalburðarvirki uppfyllir a.m.k. R60 en skal uppfylla a.m.k. R90 í meginhólfunarskilum.

Hallandi þak á dekkjageymslu er a.m.k. REI60.

Klæðningar

Innanhússklæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Utanhússklæðningar eru í flokki 1.

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang.

Frá dekkjaverkstæði, verkstæði og dekkjageymslu verða a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir frá hverju rými.

Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi er í allri byggingunni skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð.

Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis ásamt yfirlitsmynd er staðsett við inngang inn á verkstæði.

Loftræsikerfi

Loftræsikerfi ganga ekki á milli brunahólfa og því þörf á brunatæknilegum ráðstöfunum vegna þeirra.

Reyklosun

Reykræsing úr dekkjageymslu verður um auðbrennanlegt plast í þaki sem er a.m.k. 9% af gólflatarmáli eða um 16 m2. Reiknuð hefur verið út reykræsiþörf miðað við Melding HO3-2000.

Miðað við 40 m2 brunafleót verður reyklag um 4 metrar og hitastig reyklags um 490°C. Þannig eru nokkrar líkur á að ekki verði yfirtendrun í dekkjageymslunni ef viðbragðstími SHS verður innan við 10 - 15 mínútur.

Reyklosun að öðru leyti verður almennt um glugga og hurðir.

Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli skv. ÍST EN 671 eru staðsett skv. teikningum. Brunaslöngur skulu gefa a.m.k. 40 l/min í dekkjalager.

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 eru m.a. staðsett skv. teikningum, t.d. 9L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur.

Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.

Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.

Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í dekkjaverkstæði, afgreiðslu, verkstæði, dekkjalager en 15 lux í tæknirými.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma bíla slökkviliðsins er greið frá Dalshrauni og að hluta til frá Fjarðarhrauni. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum MVS er 5800 l/mín. Við Dalshraun 5 er brunahani á 280 mm hringtengdri lögn með um 4 bar þrýsting sem mun anna þessu vatnsmagni.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur skal vera gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu).

Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir bygginguna.

TÁKN:

EI-90	Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta
EI-60	Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta
EICS-60	Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta.
EICS-30	Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta
#	Hurð tengd segulloku
R	Reykskynjari
BO	Björgunarop
LR	Loftræsting
BS	Brunaslanga
EI ➔	Út og neyðarlýsing

Byggingalýsing: mhl 01

Um er að ræða breytingar á mhl 01. Þar er rekin hraðþjónusta fyrir bíla (0101) komið fyrir starfsmannaðstöðu (0102), dekkjalager (0103) og verkstæði (0104).

Breytingin nú felst í því að í stað sprinklers á dekkjalager (0103) er komið fyrir reykræsingu úr þaki, ásamt öflugri hólfun veggja.

Burðarvirki:
Rými 0101 er hefðbundið staðsteypt hús, með stálgrindar þaki. Rými 0102 er stálgrindarhús og rými 0103 og 0104 er byggt upp af steyptum römmum í veggjum og þaki, en 200 mm timburgrind milli ramma. Þak er borið uppi af trjáviðum.

Einangrun:
Húsið er einangrað með hefðbundnum hætti, steyptir útveggir að innan með polystyren einangrun með múrhúð yfir, og þak með steinull. Timburveggir eru einangraðir með steinull.

Yfirborð útveggja og þaks:
Yfirborð þaks er klætt með stálklæðningu. Útveggir verða almennt klæddir með bárustáli.

Gluggar og hurðir:
Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar. Göngu og innkeyrsluhurðir eru úr áli.

Sorp:
Á aðaluppdráttum er sýnd staðsetning sorpíláta.

Lagnir og loftræsting:
Í lóð og við hús eru regnvatnslagnir með hefðbundnum hætti. Lagnir í húsinu verða að mestu leyti sýnilegar utanáliggjandi lagnir. Húsið er upphitun að mestu leyti með hefðbundnu ofnakerfi. Neysluvatnslagnir í byggingunni eru ýmist álpex, rör í rör eða ryðfríar stállagnir. Í byggingunni eru inn og útsogskerfi til loftræstingar í samræmi við starfsemi. Loftræsa skal öll gluggalaus rými samkv. ákvæðum byggingar-reglugerðar. Sand og olíuskilja er við húsið, neðanjarðar.

Úrgangsolíugeymir:

Olíuúrgangsgeymir er úr S275 stáli skv. EN100025. Hann er staðsettur neðanjarðar norðan við húsið. Hann verður ryðvarinn, með tveimur mannopum á sitt hvorum enda til að auðvelt verði að hreinsa hann. Sjá nánar teikningar verkfræðings. Öll förgun úrgangsolíu fer fram á viðurkenndri förgunarstöð.

Stærðir: Fyrir breytingu

Matsh. 01 er 631,4m2
Matshl. 02 er 280,4m2
Mathl. 03 er 1.080,5m2
Matshl. 04 er 822,8m2
Matshl. 05 er 23,3m2
Alls: 2.838,4 m2

Stærðir: Eftir breytingu

Matsh. 01 er 1.331,0m2
Matsh. 02 er 225,1 m2
Matsh. 04 er 822,8 m2
Alls: 2.378,9 m2

Lóðarstærð: 5700 m²
Brutto flatarmál alls: 2.378,9 m²
Brúttó rúmmál mhl 01: 8.741,2 m³
Nýtingarhlutfall: 0,42

Bílastæðabókhald:
Alls eru 41 stæði merkt á lóðinni. Bílastæðisþörf fyrir bygginguna er skipt upp eftir eðli starfsemi sem þar fram fer . Miðað er við birt flatarmál þ.e brutto flatarmál séreigna. Birt stærð byggingarinnar mhl 01 er um 1.331 m². Þörf fyrir atvinnuhúsnæði er 1 stæði fyrir hverja 50 m².

Bílastæðisþörf er því eftirfarandi:

Atvinnuhúsnæði - mhl 01: 1.331/50= 26 stæði

Á lóð er að öðru leyti gert ráð fyrir 15 bílastæðum. Merkt stæði alls eru því 26+15 = 41 stæði.

ALLAR TEIKNINGAR ERU UNNAR EFTIR SAMÞYKKTUM UPPDRÁTTUM FRÁ 14.10.2009.

Samþykkt þann
13. mars 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

07.10.2018
SÓTVARNAHÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristánsson
DN: cn=Gunnar H Kristánsson gn=Gunnar H Kristánsson c=Iceland l=IS o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location: Reykjavík
Date: 2018-11-29 12:01Z

BREYTING 20.09.2018:
GLER VIÐBYGGING Á SUÐURHLIÐ MHL 01, FJARLÆGÐ.
STÆRÐ ÓÞREYTT ÞAR SEM TURN VAR EKKI SKRÁÐUR ÁÐUR.
KOMIÐ FYRIR ÚRGANGSOLÍUTANKI NEÐANJARÐAR, VIÐ NORÐURHLIÐ.

BREYTING 29.09.2017:
BREYTT BRUNAVARNARLÝSING. M.A. SPRINKLER FJARLÆGÐUR.
KOMIÐ FYRIR REYKLÚGUM Í ÞAKI DEKKJALAGERS.
SMÆRRI BREYTING Á BYGGINGARLÝSINGU.
MHL 01 KLÆDDUR AÐ UTAN MEÐ BÁRUSTÁLKLÆÐNINGU.

BREYTING 24.02.2016:
MHL 01 OG 03 SAMEINAÐIR Í MHL 01. MHL 05 FJARLÆGÐUR.
BREYTT SKIPULAG, M.A. MILLILOFT FJARLÆGT ÚR RÝMI 0103 OG 0104.

mansard
teiknistofa ehf
Bolholt 8 - 105 Reykjavík
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: DALSHRAUN 5, HAFNARFIRÐI		
Efni: AÐALUPPDRÆTTIR MHL 01 AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING		
Verknúmer: A-16-02-01	Mkv.: 1:500	A2
Teikn. nr.: AF-001	Dags.: 24.02.2016	
Hannað: JHH	Teiknað: JHH	
Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ Kt.: 260662-6519		
Samþykkt:		